

Alþingi
Erindi nr. P 127/2271
komudagur 11.6.2002



Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

7. júní 2002
004. ÁB

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum

Náttúruvernd ríkisins átti fulltrúa í nefnd umhverfisráðherra sem fjallaði um aðgangseyri að friðlýstum svæðum árið 1999 og var í minnihluta sem studdi hugmyndina um gjaldtöku ásamt fulltrúa fjármálaráðuneytis. Ríkisstjórn ákvað að fara aðra leið til að fjármagna framkvæmdir á friðlýstum svæðum og vinsælum viðkomustöðum ferðamanna þ.e. að auka fjárframlög til Náttúruverndar ríkisins, Ferðamálaráðs og Vegagerðar. Þörfin er mikil og einnig er brýnt að ganga frá með skýrum hætti hvernig sinna á þjónustu vegna þeirra mannvirkja sem komið er upp.

Náttúruvernd ríkisins styður því að umhverfisráðherra verði falið að undirbúa og ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum.

Virðingarfyllst,


Arni Bragason
forstjóri

Náttúruvernd ríkisins